

Alþingi - nefndasvið
Ásgúst Geir Ágústsson, nefndarritari
150 Reykjavík

14.02.2002
Tilv. 40.13
JP/gg

Efni: Frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl. – umsögn.

Landspítali - háskólasjúkrahús hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almannatryggingalögum o.fl. lögum, 359. mál.

Í þessu frumvarpi er gerð tillaga um breytingu á fimm lögum og mun í þessari umfjöllun einkum horft til þeirra breytinga sem fyrirhugað er að gera á lögum nr. 117/1993 og l. nr. 97/1990.

Tekið skal fram strax að mælt er með framgangi þessa frumvarps og að það verði samþykkt.

Af hálfu LSH er lýst yfir ánægju með það ákvæði frumvarpsins sem kveður á um breytingar á 24. gr. l. 117/1993 um slysatryggingar, en skv. frumvarpinu er gert ráð fyrir að háskólanemar og nemar í starfsnámi verði slysatryggðir. Um þetta atriði hefur mikið verið fjallað í viðræðum við Háskóla Íslands, sbr. samstarfssamning aðilanna frá maí 2001. Í framhaldssamningum sem unnið er að, er fjallað um stöðu nemenda í heilbrigðisvísindagreinum og mikilvægi þess að nemendur sem stunda klínískt nám innan veggja LSH njóti sömu tryggingaverndar og starfsmenn LSH, enda vinna þeir á ábyrgð þeirra starfsmanna LSH sem leiðbeina þeim hverju sinni. Geta þessir nemendur þar af leiðandi verið í sömu hættu og starfsmenn og eðlilegt að þeir njóti sömu tryggingaverndar. Sama gildir um nema í starfsnámi. Það vekur athygli stjórnenda LSH að við þessar breytingar sem fyrirhugaðar eru á l. 117/1993 er ekki gerð tillaga um breytingu á 35. gr. laganna. Í þeirri grein er m.a. ákvæði um nefnd sem úrskurða skal hvar vista skal sjúklinga á erlendum sjúkrahúsum sé þörf á slíku. Starfar nefnd þessi skv. reglugerð nr. 166/1985. Í nefndinni eiga sæti 2 yfirlæknar frá Landspítalanum, einn yfirlæknir frá Borgarspítalanum og einn yfirlæknir frá St. Josefsspítala sbr. 35 gr. laganna og áðurnefnda reglugerð. Nú er það öllum kunnugt að þessar stofnanir hafa nú sameinast í eina þ.e. Landspítala - háskólasjúkrahús og við þessa endurskoðun á l. 117/1993 er eindregið lagt til að 35. gr. verði tekin til endurskoðunar með hliðsjón af skipulagsbreytingu á rekstrarfyrirkomulagi sjúkrahúsanna.


Mælt er með því að fækkað verði í nefndinni og hún verði þriggja manna. Þannig gæti 5. ml. 35. gr. hljóðað svo: *“Í nefndinni skulu sitja þrjú læknar, tryggingayfirlæknir, sem jafnframt er formaðu, og tveir læknar tilnefndir af Landspítala – háskólasjúkrahúsi”*. Til samræmis við þetta falli núverandi 6. ml. niður og 7. ml. verði 6. málslíður 35. gr.

Það er skoðun LSH að þessi einföldun yrði til bóta og með því mælt að heilbrigðis- og trygginganefnd taki þetta atriði til gaumgæflegar athugunar.

Hvað varðar fyrirhugaðar breytingar á 20. og 35. gr. l. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu er tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í athugasemdum við frumvarpið að með þessu ákvæði er greiðslupáttaka sjúkratryggðra gerð skýrari og er það til bóta.

Að öðrn leyti mælir LSH með því að frumvarp þetta nái fram að ganga og hvetur til þess að áðurnefnd athugasemd um breytingu á 5. ml. 35. gr. l. 117/1993 verði tekin til greina.

Virðingarfyllt,



Magnús Pétursson, forstjóri